

Lágmörk KÍ 2026

Markmið með þessu kerfi er að búa til aðferð til þess að velja í landsliðsverkefni út frá árangri á mótum. Í grunninn virkar kerfið þannig að þau sem ná B lágmörkum fá keppnisrétt á því stigi sem það nær til (og keppnisstigin fyrir neðan það) en standa sjálf straum af kostnaði vegna þátttöku.¹ Þau sem ná A lágmörkum á Evrópu- og heimsstigi hljóta aukalega stuðning frá KÍ til þess að taka þátt á mótum á þessum keppnisstigum. Styrkur vegna lágmarka er aðeins veittur fyrir þau mót sem eru á keppnisdagskrá KÍ nema afreksnefnd hefur gert undanþágu um annað. Sjóður fyrir A lágmarkastyrki er ákveðinn í fjárhagsáætlun KÍ og nánar útlistaður þar.

Lágmarkakerfið er með tvö markmið þegar kemur að hæfileikamótun ungmenna: Bæði að gefa þeim sem hafa náð bestum árangri í sínum aldursflokki til þess að keppa á erlendum mótum og svo að gefa þeim sem eru hæfastir í yngri árgang aldursflokksins tækifæri á að fá keppnisreynslu og þróa sig áfram í íþróttinni. Þetta á líka við þegar ungmenni fara að taka sín fyrstu skref í keppni í flokki fullorðinna. Þetta er gert með því að einstaklingar taka lágmörk sem þeir náðu í yngri aldurflokk upp með sér þegar þeir færast upp um flokk.

Lágmörkum sem er náð í ákveðnum keppnisgreinum gilda einungis fyrir þá grein. S.s. lágmörk sem er náð í grjótblímu gilda einungis fyrir grjótblímumót. Það sama á við ef náð er lágmarki í línuklifri. Lágmark sem er náð í unglingaflokki gildir líka sem lágmark fyrir opinn flokk.

Gildistími lágmarka er út næsta keppnistímabil á eftir því sem lágmarkið er náð á nema annað er sérstaklega tekið fram. Það þýðir að lágmark sem er náð um mitt ár 2025 gildir þá fyrir þau mót sem enn er opið fyrir umsóknir fyrir það árið og fyrir mót árið 2026.

Skjalið eru endurskoðað fyrir hvert ár.

¹ Íþróttafólk hefur hins vegar líka aðra sjóði til þess að standa undir kostnaði. Þar ber helst að nefna Afrekssjóð KÍ, ferðastyrkir á vegum Íþróttabandalaga og síðan sjóður ÍSÍ um kostnaðarþátttöku landsliðsverkefna ungmenna.

Lágmörk fyrir úrvalshópa KÍ og ÓL leið

Fullorðnir: Lágmark fyrir NM, ES eða HS.

Paraklifrara: Landsliðsþjálfari úrvalshóps paraklifrara skipar hópinn fyrir hvert ár.

U19: Lágmark fyrir NM, ES eða HS.

U17+: Topp 4 í U17 og topp 2 í U15 aldursflokki. Lágmark fyrir NM eða ES.

Yfirþjálfarar klifurfélaga þurfa að senda landsliðsþjálfara lista 1. nóvember yfir iðkendur í sínu félagi sem náð hafa lágmörkum og hafa að mati hans stundað æfingar það vel að þeir eigi erindi í hópinn. Iðkendur sem hafa náð lágmörkum fyrir hópina og hafa áhuga á að starfa með úrvalshóp þurfa að hafa samband við yfirþjálfara síns félags og óska eftir skráningu.

Landsliðsþjálfari getur gefið einstaklingum undanþágu til þess að starfa með úrvalshópi með leyfi frá afreksnefnd. Það þarf að vera góður rökstuðningur fyrir undanþágunni.

ÓL leið

U17: Efra stig: T12 á ES. Lægra stig: T25 á ES eða T20 ef 40 eða færri.

U19: Efra stig: T10 á ES. Lægra stig: T20 á ES eða T16 ef 40 eða færri.

U21: Efra stig: T8 á ES. Lægra stig: T16 á ES eða T12 ef 30 eða færri.²

U23: Efra stig: T12 á HS. Lægra stig: T20 á HS eða T16 ef 30 eða færri.

Senior (24 eða eldri): Efra stig: T8 á HS. Lægra stig: T16 á HS eða T10 ef 30 eða færri.

Þegar einstaklingur nær lágmarki fyrir ÓL leiðina gildir það í tvö ár (þ.e. árið þar sem lágmarkinu er náð og tveggja næstu ára). Auk árangurs á mótum er horft til markmiða og áhuga við inntöku í hópinn. Þá er líka gerð krafa um ástundun og mætingu (horft til að hafa að lágmarki 80% raunmætingu). Landsliðsþjálfari getur gert undanþágur ef sérstakar aðstæður myndast.

² Hér er horft til heildarniðurstaðna mótsins eða mótaraðarinnar (án gestapátttakenda) en ekki U21 flokksins.

Lágmark fyrir landsliðsverkefni (fullorðnir)

Norðurlandamót

NM lágmark: T3 á ÍM. T16 á NM (T12 ef 16 eða færri, T10 ef 14 eða færri þátttakendur). T10 á erlendu stórmóti (T8 ef 12 eða færri, T6 ef 10 eða færri, T4 ef 8, T3 ef 6 eða færri þátttakendur) sem er merkt sem lágmarkamót³ á keppnisdagskrá KÍ.

Tvö sæti á mótið eru U21 sæti til að tryggja að sá aldurshópur hafi a.m.k. tvö sæti af þeim sem liðinu býðst.

Evrópustig

A lágmark: Topp 3 á NM eða topp 16 á Evrópustigi.⁴

B lágmark: Sigur á ÍM. Topp 8 á NM eða topp 40 á Evrópustigi (T30 ef 50 eða færri). Topp 3 (T2 ef 10 eða færri) á erlendu stórmóti sem er merkt sem lágmarkamót á keppnisdagskrá KÍ.

Heimsstig

A lágmark: Topp 10 á ES eða topp 25 (T16 ef 30 eða færri) á HS.

B lágmark: Topp 32 (T24 ef 50 eða færri) á ES eða topp 48 (T32 ef 50 eða færri) á HS.

HM: Ef HM er sett á keppnisdagskrá KÍ en enginn nær lágmarki fyrir HS þá fara þeir klifrarar sem hafa náð bestum árangri á ES á síðasta tímabili (eitt sæti kk og eitt sæti kvk). Landsliðsþjálfari getur notað hin sætin fyrir afreksefni í hæfileikamótun.

³ Hægt er að senda erindi á afreksnefnd til þess að fá mót metið sem lágmarkamót ef það er ekki á keppnisdagskrá KÍ.

⁴ Þegar um mótaröð er að ræða er bæði hægt að ná lágmarkinu á einstaka mótum og í samanlögðum árangri á Evrópu- eða heimslista.

Lágmörk fyrir landsliðsverkefni paraklifrara

Norðurlandamót

NM lágmörk: Allir í úrvalshópi paraklifrara.

Evrópustig

A lágmörk: Sigur á NM eða T12 á HS (T10 ef 20 eða færri, T8 ef 16 eða færri).

B lágmörk: Sigur á ÍM. Topp 3 (T2 ef 5 eða færri) á NM eða erlendu stórmóti sem er merkt sem lágmörkamót á keppnisdagskrá KÍ .

Heimsstig

A lágmörk: T6 á ES eða T10 á HS (T8 ef 20 eða færri, T6 ef 16 eða færri).

B lágmörk: T10 á ES (T8 ef 16 eða færri, T6 ef 12 eða færri) eða T10 á HS (T8 ef 20 eða færri, T6 ef 16 eða færri).

Lágmörk fyrir landsliðsverkefni unglingalandsliðs

Norðurlandamót

NM lágmörk: T2 á ÍM. T16 á NM (T12 ef 16 eða færri, T10 ef 14 eða færri þátttakendur). T10 á erlendu stórmóti (T8 ef 12 eða færri, T6 ef 10 eða færri, T4 ef 8, T3 ef 6 eða færri þátttakendur) sem er merkt sem lágmörkamót á keppnisdagskrá KÍ.

Evrópustig⁵

A lágmörk: Topp 3 á NM eða topp 16 á Evrópustigi (T10 ef 28 eða færri).

B lágmörk: Sigur á ÍM. Topp 12 á NM eða topp 32 á Evrópustigi (T24 ef 40 eða færri, T20 ef 30 eða færri, T14 ef 22 eða færri). Topp 6 (T4 ef 10 eða færri, T3 ef 8, T2 ef 6 eða færri þátttakendur) á erlendu stórmóti sem er merkt sem lágmörkamót á keppnisdagskrá KÍ.

Heimsstig

HM: Ef HM ungmenna er sett á keppnisdagskrá KÍ gilda ES lágmörk á það.

⁵ Niðurstöður U21 á Evrópubíkarmótum falla undir þessi lágmörk.

Val í landsliðsverkefni

Forgangur 1: Þau sem hafa lágmarki á stigi mótsins sem um ræðir eða hærra keppnisstigi. Ef fleiri hafa náð lágmarkum en þau sæti sem er í boði á mótinu fá þau sem eru með lágmark með hærri forgang sætið.⁶ Ef þau hafa lágmark með sama forgangi er hærra sætið (s.s. niðurstöða móts) sem ræður hver er í forgangi.⁷ Ef það er jafnt er valið út frá niðurstöðum síðasta stórmóts⁸ þar sem allir aðilar kepptu í sama flokki. Ef það mót er ekki til staðar má velja út frá niðurstöðu æfingamóts eða keppnishrings á æfingu sem er settur upp sérstaklega til þess að velja í verkefnið. Ef það er jafnt er valið af handahófi.

Forgangur 2: Landsliðsþjálfari getur valið úr hópí þeirra sem eru á ÓL leið í hæfileikamótun til þess að setja inn í hópinn.

Forgangur 3: Landsliðsþjálfari getur sett upp úrtökumót til þess að skera úr um hver fær þátttökurétt á Norðurlandamóti í ungmennaflokkum. Tilgreina skal fyrir mótið hversu mörg sæti eru í boði fyrir hvern flokk.⁹

Forgangur 4: Afreksnefnd getur gefið einstaklingum undanþágu til þátttöku í landsliðsverkefnum ef talið er að einstaklingurinn eigi erindi á mótið út frá hæfni, ástundun og langtímamarkmiðum. Valið er út frá árangri á ÍM, niðurstöðum á erlendum mótum, langtímamarkmiðum einstaklinga og hvar þeir eru staddir í hæfileikamótun og þroska. Í opnum flokki er ekki hægt að fá undanþágu á ES og HS nema viðkomandi sé með sæti á heimslista.

⁶ Ef einstaklingur er með lágmark með hærri forgang en annar sem sækir um verkefnið fær sá sem er með lágmark með hærri forgang verkefnið. Forgangsroð lágmarka er þessi: HS A, HS B, ES A, ES B, NM lágmark.

⁷ Ef einstaklingar náðu lágmarki í sitt hvorum aldursflokknum ári áður en keppa árið eftir í sama aldursflokki ræður ekki sæti heldur síðasta stórmót þar sem þeir kepptu í sama flokki. Ef það er ekki til staðar þarf að ákveða æfingamót eða æfingaumferð sem er þá notað sem úrtökumót fyrir þessa aðila.

⁸ Þetta getur verið stórmót innanlands, erlent stórmót á mótadagskrá KÍ eða NM.

⁹ Einstaklingar sem eru þegar með lágmark á NM geta tekið þátt en eru ekki með í niðurstöðum úrtökumótsins.

Almennt um val í landsliðsverkefni

Íþróttafólk sem er valið í landsliðsverkefni þarf að vera fyrirmyndar afreksfólk og haga sér í samræmi við það (sjá Afreksstefnu KÍ, ferðareglur KÍ og siðareglur KÍ). Afreksnefnd getur tekið ákvörðun um að hafna umsókn um landsliðsverkefni á þessum forsendum.

Lágmörk sem unnin eru í ungmennaflokkum gilda einnig í fullorðinsflokki en þátttaka í flokki fullorðna er þá háð leyfi landsliðspjálfa.

Ef einstaklingur sem hefur verið valinn forfallast má landsliðspjálfi velja annan einstakling til þess að taka að sér verkefnið. Það er óháð skráningardegi fyrir verkefnið.

Yfirþjálfarar og formenn aðildarfélaga KÍ geta lagt fram kæru vegna vals í landsliðsverkefnum til afreksnefndar KÍ og komið með tillögu að öðrum kándídat. Afreksnefnd skal fá umsögn frá landsliðspjálfa og ákveða hvort val landsliðspjálfa er staðfest eða hvort hinn kándídatinn fær verkefnið. Leggja þarf kærana fram a.m.k. 6 vikum fyrir landsliðsverkefnið. Miðast skal við að málið sé tekið fyrir og svarað skriflega á innan við 10 dögum.

Umsóknir um undanþágur

Einstaklingar í úrvalshópum KÍ geta sótt um undanþágur til þess að taka þátt í landsliðsverkefnum sem þeir hafa ekki tilskilin lágmörk fyrir. Senda þarf skriflega umsókn á formann afreksnefndar í síðasta lagi 1. janúar fyrir mót á tímabilinu janúar til júní og 15. apríl fyrir mót á tímabilinu júlí til desember.

Athugið að KÍ veitir að öllu jafna aðeins stuðning þjálfara í verkefni sem eru á mótadagskrá KÍ og sótt af íþróttafólki með gild lágmörk.